

AUGLÝSING

um takmörkun á innflutningi á hnetum og hnetuafurðum frá Kína.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á hnetum og hnetuafurðum sem upprunnar eru í Kína og ætlaðar eru til manneldis.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett til að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og flutt eru til landsins innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum, með síðari breytingum.

3. gr.

Ekki er heimilt að flytja inn hnetur og hnetuafurðir til manneldis sem upprunnar eru frá Kína og falla undir eftirtalin tollskrárnúmer: 1202.1000, 1202.2000, 2008.1109.

Þrátt fyrir ofangreint ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar vottorði frá opinberum eftirlitsaðila um að varan innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum, með síðari breytingum.

4. gr.

Vörusendingar, upprunnar í Kína, sem falla undir tollskrárnúmer nefnd í 3. gr. skulu hafa raðnúmer skráð á hverja einingu innan vörusendingarinnar og skal það samsvara því sem fram kemur á vottorði frá opinberum eftirlitsaðila. Þetta á við um vörusendingar sem sendar eru frá Kína eftir 1. september 2002.

5. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram vottorð frá opinberum aðila um að hún innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum, með síðari breytingum.

Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skal varan tekin af markaði.

6. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. einnig ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

7. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr., sbr. einnig 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Auglýsing þessi er sett með hliðsjón af ákvörðun nr. 2002/79/EB, sbr. ákvörðun nr. 2002/678/EB. Auglýsingin öðlast gildi við birtingu og frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 210/2002 um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá Kína.

Umhverfisstofnun, 13. desember 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.